

**NIÐURSTÖÐUR AÐALFUNDAR EIMSKIPAFÉLAGS ÍSLANDS HF.**  
**HALDINN RAFRÆNT VIA LUMI OG Í HÖFUÐSTÖÐVUM FÉLAGSINS**  
**FIMMTUDAGINN 17. MARS 2022 KL. 16:30**

Meðfylgjandi eru niðurstöður fundarins.

**1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess á liðnu starfsári og staðfesting ársreiknings fyrir síðastliðið reikningsár (dagskrárliðir 1 og 2)**

Ársreikningurinn og skýrsla stjórnar voru samþykkt.

**2. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar á reikningsárinu 2021 (dagskrárliður 3)**

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga stjórnar félagsins sem var samþykkt:

Fundurinn samþykkti að félagið greiði hluthöfum arð vegna reikningsársins 2021 sem nemur 14,27 krónum á hlut sem samsvarar um 44,0% af hagnaði ársins. Viðmiðunardagsetning arðgreiðslu verði við lok viðskipta á aðalfundardegi og arðleysisdagur því 18. mars 2022 og arðsréttardagur 21. mars 2022. Lagt er til að útborgunardagur verði þann 20. apríl 2022.

**3. Tillaga um endurnýjun heimildar til kaupa á eigin hlutum skv. gr. 11.2 í samþykktum félagsins (dagskrárliður 4)**

Fundurinn samþykkti tillögu stjórnar um að endurnýja heimildina til næstu 18 mánaða.

**4. Tillaga um lækkun hlutafjár að fjárhæð kr. 2.150.000 að nafnverði með greiðslu til hluthafa (dagskrárliður 5)**

Fundurinn samþykkti tillögu stjórnar um lækkun hlutafjár.

**5. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins (dagskrárliður 6)**

Fundurinn samþykkti framlagða starfskjarastefnu stjórnar, með þeirri breytingu sem barst frá Gildi lífeyrissjóð.

Gildandi starfskjarastefnu félagsins má nálgast á vefsíðu aðalfundar 2022 og fjárfestasíðu félagsins.

**6. Kosning stjórnar félagsins (dagskrárliður 7)**

Fundurinn kaus eftirfarandi einstaklinga í stjórn félagsins:

Guðrún Blöndal  
Lárus L. Blöndal  
Margrét Guðmundsdóttir  
Ólöf Hildur Pálsdóttir  
Óskar Magnússon

Fundurinn kaus eftirfarandi einstaklinga í varastjórn félagsins:

Baldvin Þorsteinsson  
Jóhanna á Bergi

**7. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna, varamanna og undirnefnda stjórnar (dagskrárliður 8)**

Fundurinn samþykkti tillögum um þóknun stjórnarmanna, varamanna og undirnefnda stjórnar, sem verða því sem hér segir:

Stjórnarformaður	kr. 700.000 á mánuði
Varaformaður	kr. 550.000 á mánuði
Meðstjórnendur	kr. 350.000 á mánuði
Varamenn	kr. 140.000 fyrir hvern setinn fund, þó ekki hærra en kr. 350.000 fyrir hvern mánuð
Nefndarmenn í endurskoðunarnefnd	kr. 140.000 á mánuði
Nefndarmenn í starfskjaranefnd	kr. 140.000 á mánuði
Nefndarmenn í Tilnefningarnefnd	kr. 140.000 á mánuði

Stjórnarlaun og laun nefndarmanna eru ákveðin fyrirfram fyrir kjörtímabilið.

**8. Kosning endurskoðenda (dagskrárliður 9)**

PricewaterhouseCoopers ehf., Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík, var kjörið endurskoðunarfélag Eimskipafélags Íslands hf. fyrir árið 2022.

Stjórn félagsins hittist í kjölfar aðalfundarins og skipti með sér verkum.

Óskar Magnússon var kosinn stjórnarformaður og Margrét Guðmundsdóttir var kosin varaformaður stjórnar.